

Minnisblað
Vatnsdalsvegur (722-01) - Áætluð efnistökusvæði



Hér er fjallað um þau efnistökusvæði sem áætlað er að nýta við endurbyggingu Vatnsdalsvegar (722) sem liggur um Vatnsdal í Húnabyggð. Um er að ræða 14,9 km langan kafla sem nær frá Hringvegi og suður að afleggjara að Undirfellsrétt.

Upplýsingarnar í þessu minnisblaði miða við stöðu forhönnunar og undirbúning verksins um miðjan nóvember 2024. Rannsóknunum sem enn er ólokið og aðrar upplýsingar gætu orsakað breytingar á því efni og magni sem áætlað er að taka úr hverri námu sem og áætlun um námur sem hér eru settar fram.

Heildarefnispörf fyrir verkið er um 187.400 m³. Efni sem fellur til vegna skeringa er áætlað 9.800 m³ og mun það nýtast í fláafleyga og að einhverju marki í fyllingar. Efni sem taka þarf úr námum er um 177.600 m³.

Áætlað magn efnis úr námum og skeringum (hannað magn í vegi):

Síða 1/4

Magntölur VBV 17.10.2024 - forhönnun (planlega 6149)			
Efni og stærðarflokkar		Magn (m³)	Náma
Klæðing	8-11 og 11-14 mm	2.960	Hnjúksnáma
Burðarlag	0-22 og 0-45 mm	21.820	Hnjúksnáma
Styrktarlag		54.430	Hnjúksnáma, Brekkukot, Nautabúsnáma
Fylling		56.650	Skeringar og víkkaðar skeringar, Hnjúksnáma, Nautabúsnáma
Fláafleygar		51.500	Skeringar, Hnjúksnáma
Alls		187.360	


Vegagerðin
Erla Dóra Vogler

Gróflega áætluð efnistaka úr hverri námu:

Náma	Magn (m³)
Hnjúksnáma	70.000
Brekkukot	40.000
Nautabúsnáma	40.000
Víkkaðar skeringar	30.000
Alls	180.000

Hér að neðan eru upplýsingar um hverja námu sem áætlað er að nýta í verkið. Farið er yfir námurnar frá norðri til suðurs (sjá mynd að neðan).

Blönduósbær og Húnavatnshreppur hafa sameinast í sveitarfélagið Húnabyggð, en unnið er að aðalskipulagi nýs sveitarfélags. Númerin sem vísa í númer hverrar námu á skipulagi, eru þau sem námurnar bera í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.



1. Brekkukot (15943)

Efni í styrktarlag

E-8 á aðalskipulagi.

Náman er staðsett austan og ofan Hringveggar (1-k8) milli bæjanna Brekkukots og Axlár. Fjarlægð frá upphafi útboðskaflans er um 4,96 km (þar af 4,6 km eftir Hringvegi).

Um er að ræða efnistöku í mikinn malarhjalla sem hangir utan í aflíðandi hlíðinni. Hjallinn samanstendur af sandi og mól en einnig er eitthvað um siltrík lög í honum. Stærstu steinar eru um 0,7 m og bergið af mjög ólíkum uppruna. Hjallinn er í tveimur stöllum og er svæðið syðst og vestast um 3 m lægri en efri stallurinn. Norðaustan við efnistökusvæðið er afgirt beitarhólf. Austan við námusvæðið kemur lækur úr skurðum niður hlíðina meðfram girðingu beitarhólfsins og er leiddur í mjórri rás meðfram námunni norðaustanverðri. Gras og strá þekja yfirborð hjallans misvel og víða sést í mól. Suðaustan við námuna var áður beitarhólf og þar er svarðlagið þykkara.

Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu niður í hjallann en brúnir hans sem vísa í vestnorðvestur hafa verið látnar halda sér og hindra sýn inn í

námuna. Aðal náman um 2-6 m djúp. Gengið hefur verið frá námunni en nýlega hefur verið byrjað aftur að taka efni úr botni hennar. Áætluð stækkun yrði til norðausturs og austurs og niður í námubotninn.

2. Vikkaðar skeringar

Efni í fyllinga og fláafleyga

Til skoðunar er að víkka núverandi skeringar á nokkrum stöðum þar sem veglínan liggur um Vatnsdalshóla til að minnka flutningsvegalengdir á efni og minnka snjósöfnun á Vatnsdalsvegi. Um er að ræða þrjú svæði sem öll liggja vestan vegar:

- Við stöð 930 er skriðuhóll sem þegar hefur verið tekið efni úr og lítið stendur eftir af.

Síða 2 / 4

Vegagerðin

- Við stöð 1130 er nyrðri brún á stærri skriðuhleif.
- Við stöð 1500 er syðri brúnnin á sama skriðuhleif. Hér í beygjunni verður snjósöfnun samkvæmt starfsmönnum þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Hvammstanga.

Lítill sem enginn gróður er á raskaða skriðuhólum, en auðir melar og melagróður á hinum tveimur svæðunum. Á þessum þremur stöðum ætti að vera gott að fella efnistökusvæðin vel að nærumhverfinu og þannig að stingi jafnvel minna í augu þegar fram líða stundir en núverandi skeringar gera.

Ekki hefur verið grafið í umrædd svæði en um skriðuefni er að ræða, þ.e. brotið berg og líklega einhver setlög sem vöðlast hafa saman. Eitthvað sést af í kringum 1 m stórum steinum á yfirborði.

3. Hnjúksnáma (19529)

Efni í klæðingu, burðarlag, styrktarlag, fyllingar og fláafleyga

Síða 3/4

E-3 á aðalskipulagi. Sótt hefur verið um breytingu á lýsingu námunnar í aðalskipulagi. Á gildandi aðalskipulagi er hún er skráð sem setnáma, en einnig verður numið klapparefni úr námunni.

Náman er staðsett í Vatnsdal vestanverðum, til móts við Hnjúksnhjúk og vestan Vatnsdalsvegar. Umtalsverð efnistaka hefur þegar farið fram í námunni og nær svæðið um 150-500 m frá Vatnsdalsvegi (raskað svæði og það sem til skoðunar er vegna frekari efnistöku). Náman sést frá veginum.

Um er að ræða efnistöku bæði í malarhjalla í aflíðandi hlíð, sem og jökulnúið klapparholt sem stendur út úr malarhjallanum. Áætlað er að mala klöppina í burðarlag og klæðingu. Malarhjallinn samanstendur af sandi, mól og silti í mismiklum hlutföllum. Malarríkara efni er hugsað fyrir styrktarlag, en á svæðum þar sem sand- eða silthlutfall er of hátt til að standast kröfur til styrktarlagsefnis (samkvæmt [Efnisgæðariti Vegagerðarinnar](#)) er reiknað með að nýta það í fyllingar og fláafleyga. Tún liggja að námunni vestan- og sunnanverðri og er til skoðunar að opna túnin og taka efni undan þeim. Norðan við námuna eru óraskaðir melar, klapparholt og móar. Lækur sem leiðir burt affall úr skurðum við tún ofan námusvæðis rennur norðan við námuna, að hluta í nokkurra metra djúpum skorningi. Áætlað er að við efnistöku stækki náman til norðurs yfir skorninginn. Gróðurþekja er nokkuð heilleg en svarðlag er almennt heldur þunnt á svæðinu með melagróðri; stráum, lággróðri og mosa. Við lækinn og þar sem moldarblönduðu efni hefur verið ýtt upp af námusvæði vex gras.

Norðarlega á svæðinu, þar sem áður hefur verið tekið efni, fundust skeljar í sandlagi í einni rannsóknagryfju. Af þeim sökum fellur hluti námunnar í 2. verndarflokk Vegagerðarinnar (hátt verndargildi, sjá [Verndarflokkun Vegagerðarinnar](#)), en ekki er áætlað að taka meira efni

Vegagerðin

þar sem skeljarnar fundust. Stærstur hluti námusvæðisins fellur í 4. flokk (lágt verndargildi).

Landeigandi hefur hug á að gera tún þar sem námusvæðið er. Frágangur myndi þá felast í að móta landið í aflíðandi landform og setja ofanafýtingu yfir. Reiknað er þó ekki með að gengið verði frá allri námunni í lok verks. Góðu klæðingarefni er ekki víða fyrir að fara, og ef klapparefnið reynist eins vel í framkvæmdinni og rannsóknir benda til er ákjósanlegt að hægt verði að vinna meira klæðingarefni í námunni fyrir nærliggjandi vegi. Þá ætlar landeigandi að halda eftir hluta af sethjallanum innan námusvæðisins til eigin nota.

4. Nautabúsnáma (18003)

Efni í styrktarlag og fyllingar

Náman er ekki inni á gildandi aðalskipulagi, en sótt hefur verið um að bæta henni inn á nýtt aðalskipulag.

Síða 4/4

Nautabúsnáma er staðsett um miðjan Vatnsdal vestanverðan rétt sunnan við gilkaft Kornsár. Náman er staðsett fast upp við og vestan við Vatnsdalsveg í um 200 m fjarlægð frá íbúðarhúsinu að Kornsá. Náman sést vel frá veginum og kemur til með að sjást vel frá bænum Kornsá við frekari efnistöku. Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu, en ekki er vítað í hve miklum mæli.

Um er að ræða efnistöku í malarhjalla sem hangir utan í hlíðinni og situr ofan á hraunlögum sem gil Kornsár er rofið í. Hjallinn samanstendur af sandi og möl. Stefnt er að því að hann verði unninn alveg niður að klapparyfirborði, eða því sem næst.

Melagróður er einhver á hjallanum en aðallega er um sand og möl að ræða á yfirborði. Hjallinn liggur innan beitarhólfs.

Vegagerðin

Náman fellur í 3. eða 4. verndarflokk Vegagerðarinnar (meðal verndargildi eða lágt verndargildi). Jarðmyndunin sem slík nýtur engar sérstakar verndar, en efnistakan verður vel sýnileg frá Kornsá og Vatnsdalsvegi, þó vegurinn sé ekki fjölfarinn.

Við lokafrágang námunnar verður reynt að móta yfirborð þannig að það svipi til þeirra landforma sem sjá má í næsta umhverfi námunnar. Líklegt er að gróður muni eiga erfitt uppdráttar á malar- og sandríku yfirborði, svipað og nú er, á náttúrulegu yfirborði hjallans.